



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirktt frá 1. júní 2024, sem hér segir:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6+	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Þann 17. maí 2024 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Breytingarnar tóku gildi þann 1. júní 2024. Í breytingunum felst hækkun á grunnfjárhæð húsnæðisbóta, breyting á stuðlum við útreikning grunnfjárhæða auk þess sem flokkum varðandi fjölda heimilismanna, í tengslum við útreikning á grunnfjárhæð húsnæðisbóta og tekjumarka, er fjölgað um tvo.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka hækki í samræmi við breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og að tveir flokkar bætist við vegna tekjumarka fimm og sex eða fleiri heimilismanna. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. júní 2024 í samræmi við breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355



Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6 eða fleiri	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Heildaráætlun ársins 2024 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.677 m. kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.